

16. gr.

69

Á svæðinu milli Jökulsár í Axarfirði og Skjálfafljóts skulu öll verðlaun fyrir dráp á refum og borgun fyrir eitur og eiturefni til refadráps greiðast að rjettri tiltölu (sbr. 18. gr.) af Kelduness, Húsavíkur, Helgastaða, Skútustaða og Ljósavatnshrepp austan Skjálfafljóts, þannig, að jafnt gjald sje lagt á hverja kind eptir fjárframtali allra fjáreiganda á vorhreppamótum árlega.

17. gr.

Allur refaveiðakostnaður, sem eigi er talinn í 16. gr., greiðist eins og að undanfögnu af hlutaðeigandi hreppssjóði.

18. gr.

Refaveiðastjórnir í hreppunum á svæðinu millum Jökulsár og Skjálfafljóts skulu í sameiningu hafa á hendi alla framkvæmd, er þessar sjerstöku ákvarðanir útheimta með tilliti til refaveiðanna, og skulu þeir árlega kjósa einn mann úr sínum flokki, sem aðalframkvæmdarstjóra. Skulu refaveiðastjórnir á árlegum fundum sínum ákveða, hve miklu fje verja skuli til eitrunar fyrir refi, á hinu umrædda svæði, og hvernig. Þeir skulu og skipta hinum árlega sameiginlega kostnaði á hreppana eptir fjáartalsskýrslum frá hreppsnefndunum. Þessu starfi skulu þeir hafa lokið fyrir 20. október ár hvert.

Amtsráð Norðuramtsins, 15. dag júnímán. 1893.

J. Havsteen. B. G. Blöndal. Árni Jónsson. M. Sigurðsson. Ólafur Briem.

Skýrsla

70

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramtinu 14.—16. júní 1893.

Ár 1893, miðvikudaginn 14. júní, var aðalfundur amtsráðs Norðuramtsins settur á Akureyri, og haldinn af amtmanni J. Havsteen, forseta ráðsins, ásamt amtsráðsmönnum Benidikt umboðsmanni Blöndal í Hvammi, Ólafi umboðsmanni Briem á Álfgeirsvöllum, Magnúsi óðalsbónða Sigurðssyni á Grund og prófasti síra Árna Jónssyni á Skútustað, vara-amtsráðsmanni, sem mætti í forföllum Einars umboðsmanns Ásmundssonar í Nesi.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Framlagður var reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1892 með fylgiskjöllum. Við reikning þennan fannst ekkert að athuga, og var hann því samþykktur.
2. Framlagðir voru til rannsóknar eptirfylgjandi reikningar yfir tekjur og gjöld ýmsra sjóða fyrir 1892:
 - a. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins;
 - b. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munadarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað, og
 - c. Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins.

Reikningar þessir voru endurskoðaðir, og ekkert að reikningunum a. og b. fundið, en að því leyti, er snertir reikninginn c., þá hafði fyrrum sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu St. Thorarensen eigi fullnægt úrskurði amtsráðs-

70

ins á reikningi sjóðsins fyrir 1891 (sbr. Stjórnartíðindi 1892, B., bls. 165), er skyldaði hann til að greiða 54 kr. 30 a. í sjóðinn út af innheimtu hans á eptirgjaldinu af fasteignum sjóðsins, Einarssstöðum og Pjetursborg í Glæsi-bæjarhreppi, á árinu 1891, heldur hafði hann farið þess á leit, að amtsráðið, af tilgreindum ástæðum, breytti þessum úrskurði sínum, svo hann yrði laus við fyrnefnda ábyrgð. Amtsráðið sá sjer eigi fært, að breyta úrskurðinum, og fól forseta sínum, að ganga eptir áðurnefndum 54 kr. 30 au., en bera málið upp fyrir landshöfðingja, áður í mál yrði farið til þess að ná upphæðinni.

Að því leyti, er snertir reikninginn fyrir 1892, sá amtsráðið sjer eigi fært, að veita ábúandanum á Einarssstöðum þá ívilnun í landskuldargjaldinu í fardögum 1892, sem hann æskti eptir, út af því, að gangverð á veturgömlum sauðum, sem landskuldin átti að greiðast í, var talsvert lægra, en verðlagsskrárverðið.

3. Reikningur yfir tekjur og gjöld bókasafns Norðuramtsins fyrir 1892, var endurskoðaður og samþykktur án athugasemda. Til safnsins veitti amtsráðið eins og að undanfögnu 200 kr. úr jafnaðarsjóði.
4. Forseti framlagði skýrslu síra O. V. Gíslasonar á Stað í Grindavík um bjargráðaferðir hans um Norður- og Austurland 1892, en sá sjer eigi fært að veita honum nokkurn styrk til slíkra ferða á þessu yfirstandandi ári.
5. Amtsráðið samþykkti, að sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefði veitt organleikara Magnúsi Einarssyni 100 kr. styrk úr sýslusjóði, til þess að fullnuma sig í söngfræði í Kaupmannahöfn, en sá sjer eigi fært að veita honum nokkurn styrk úr jafnaðarsjóði til þessa, er hann hafði sótt um.
6. Þá var fram lagt erindi frá »Fundafjelagi Eyfirðinga«, 9. þ. m., um styrk til sunnudagaskóla í Eyjafirði, sem sje til áhalda og kennslu á komanda ári, sem forseti mætti úthluta, þegar skýrslur væru til hans komnar um áramótin. — Amtsráðið ályktaði, að fresta að taka nokkra ákvörðun um þessa styrkveitingu, þar til á næsta aðalfundi sínum.
7. Þá var framlagt og tekið til umræðu brjef frá Búnaðarfjelagi Suðuramtsins, 12. apríl þ. á., þar sem skýrt er frá því, að fyrirhugað sje að gjöra þá breytingu á nefndu fjelagi, að það geti orðið búnaðarfjelað fyrir allt landið, og er því skorað á amtsráðið, að leggja til fjelagsins á móti hinum ömtunum 400 kr. árlega, og eiga þátt í sjóði Búnaðarfjelags Suðuramtsins. Um leið og amtsráðið þakkar stjórn Búnaðarfjelagsins fyrir boð þetta, hlýtur það samt að lýsa því yfir, að það sjái sjer eigi fært, að minnsta kosti að svo stöddu, að taka þátt í fjelaginu, vegna þess, að allmikil föst útgjöld hvila þegar á amtssjóðnum, og það virðist þar að auki því nær ómögulegt að koma því fyrirkomulagi á, að Norðuramtið gæti átt verulegan þátt í framkvæmdum fjelagsins, sökum fjarlægðar og samgönguleysis, svo sem til dæmis, að láta sinn mann, sem í stjórnarnefndinni væri, sækja vetrarfundinn í febrúar.
8. Út af fram lögðu brjefi frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu, 18. marz

þ. á., þar sem borin er upp sú ósk, að amtsráðið vildi samþykkja, að sýslumenn fengju úr sýslusjóðum 50—100 kr. árlega til ritfanga, eða sem skrifstofukostnað, ályktaði amtsráðið að það sæi sjer eigi fært að sinna þessu máli, því bæði mundi svo hafa verið til ætlazt, þá er lög 14. desbr. 1877, um laun sýslumanna og bæjarfógeta, urðu til, að endurgjald fyrir skrifstofukostnað, sem að rjettu lagi hvílir á landssjóði, og eigi á sveitarsjóði, nema svo væri beinlínis ákveðið, sbr. 33. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872, væri fólgið í launum sýslumanna, sem þar að auki þó hefðu nokkrar aukatekjur af tollheimtu, og fyrir eptirlit með útlendum fiskiskipum.

9. Amtsráðið veitti kvennaskólanum á Laugalandi 300 kr. styrk úr jafnaðarsjóði, og var fram lögð skýrsla um framkvæmdir skólans á skólaárinu 1892—93 og reikningur yfir tekjur og gjöld skólans 1892.
10. Sömu leiðis veitti amtsráðið kvennaskólanum á Ytri-ey 300 kr. styrk, með því skilyrði, að forseta væri send skýrsla um kennsluna á skólaárinu 1892—93, en endurrit af reikningnum 1892 var komið.
11. Forseti fram lagði brjef, dagsett 17. f. m., frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu, þar sem eigi enn er búið að ákveða sýsluvegi í samhljóðan við lög 10. nóvbr. 1887, um vegi, og brjef landshöfðingja, 8. maí 1890 (Stjórnartíðindi 1890, B. bls. 74—75), vegna þess að oddviti sýslunefndarinnar, og ef til vill meiri hluti hennar, lifa í þeirri von, að aðalpóstvegi þeim, sem nú er ákveðinn, verði breytt þannig, að hann verði lagður um útkjálka landsins austur eptir frá Skjálfaflóa, sbr. ályktun amtsráðsins á fundi þess 3.—6. júní 1891 (Stjórnartíðindi 1891, B., bls. 124), sem var birt sýslunefndinni með brjefi amtsins, dagsettu 11. júní 1891. — Með áður nefndu brjefi sýslumannsins í Þingeyjarsýslu 17. f. m., fylgdi erindi frá mönnum á Tjörnesi og Húsavík, þar sem þeir fara þess á leit, að ályktun sýslunefndarinnar á síðasta fundi hennar, 10.—13. apríl þ. á., að felld sje úr gildi sú ályktun sýslunefndar, sem hún hafði gjört á fundi sínum 22.—24. marz f. á., sem sje, að sýsluvegur skyldi vera frá brúnni á Köldukvísl kring Tjörnes að sýslumótum, næði eigi framgöngu, heldur skyldi halda vegagjörð þeirri áfram, sem byrjað hefði verið á í fyrrasumar, samkvæmt hinni fyrri ályktun sýslunefndarinnar á fundinum 22.—24. marz f. á.; með þessari beiðni Tjörnesinga mælir nú sýslumaðurinn.

Það kemur nokkuð undarlega fyrir, að sýslumaðurinn skuli nú í optnefndu brjefi sínu, 17. f. m., mæla á móti þessari síðari ályktun nefndar þeirrar, sem hann sjálfur er oddviti í, en það er aðgætaandi, að amtsráðið hefir aldrei samþykkt ályktun sýslunefndarinnar 1892, um veginn kring Tjörnes, heldur hefur það á fundi sínum 1.—3. júní f. á. (sbr. skýrslu um fundinn, Stjórnartíðindi 1892, B., bls. 170), beinlínis tekið það fram, að það fyndi ekki ástæðu til að ræða tillögur sýslunefndarinnar um sýsluvegi, þar sem þessar tillögur væru miðaðar við stefnu þeirrar aðalpóstleiðar, sem nefndin heldur fram, og ákveðið, að hinir gömlu sýsluvegir skyldu haldast

70

fyrst um sinn, að svo miklu leyti, sem þeir ekki eru fallnir saman við þá aðalþótleið um sýsluna, sem ákveðin er með brjefi landshöfðingja, 8. maí 1890; þessi ályktun er birt sýslumanni og sýslunefndinni með brjefi amtsins, dagsettu 5. ágúst f. á. Þannig er alls enginn sýsluvegur til frá Köldukvísl kring Tjörnes að sýslumótum, því amtsráðið hefir aldrei samþykkt slíkan veg, sbr. 9. gr. laga, 10. nóvbr. 1887 um vegi. Af þessu leiðir fyrst, að þeim 100 kr., sem samkvæmt reikningi sýsluvegasjóðs fyrir 1892 hafa gengið eða verið útborgaðar úr sýslusjóði, er eigi löglega varið, og skyldu þær að rjettu lagi endurgoldnar sýsluvegasjóði. — Í annan stað er það óþarfi, að fella beinlínis úr gildi síðari ályktun sýslunefndarinnar, 10.—13. apríl þ. á., þar sem hún þannig út af fyrir sig er þýðingarlaus, en hún er aptur á móti í samræmi við þá ályktun amtsráðsins, á fundi þess 1.—3. júní f. á., að eigi skyldi gjöra breyting á hinum fyrri sýsluvegum í Suðurþingeyjarsýslu að svo stöddu.

12. Nú voru framkomnar tillögur sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu um þær breytingar á sýsluvegum þar, sem yrði beinlínis afleiðing af brjefi landshöfðingja, dagsettu 3. marz f. á., þar sem ákveðið er, að aðalþótleiðin um Húnavatnssýslu frá Stóru-Giljá skuli liggja um Blönduós, og síðan fram Langadal að Bólstaðarhlíð og fram Svartárdal, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 1.—3. júní f. á. (Stjórnartíðindi 1892, B., bls. 167). Tillögur sýslunefndarinnar eru nú þær, að vegurinn frá Stóru-Giljá um Reyki og Tinda að Mjóvasundi við Blöndu yrði sýsluvegur, og fjellst amtsráðið að öllu leyti á þetta.
13. Forseti lagði fram þjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, 27. febr. þ. á., þar sem hann í nafni sýslunefndarinnar leitar samþykkis amtsráðsins til þess að ný lögferja verði sett á Húsabakka og lögferjan á Egilsholti lögð niður. Amtsráðið samþykkti niðurlagning ferjunnar á Egilsholti samkvæmt 39. gr. 1. sveitarstjórnartilskipunarinnar, en vísaði þessu máli að öðru leyti til amtsins, sbr. nefnda lagagrein, Kgsbr. 29. apríl 1776, 6. gr. og Jónsbókar landsleigubálk, 45. kap.
14. Forseti skýrði frá aðgjörðum þeim á aðalþóstvegum um norðuramtíð, sem hefðu fram farið í fyrra, og frá fjárveitingum landshöfðingja til vegagjörða á yfirstandandi ári.

Amtsráðið ályktaði, að fara þess á leit við landshöfðingja, að hann veitti nokkurt fje á næsta ári til þess að halda áfram vörðuhleðslu á Mývatnsöræfaveginum, svo sem 300 kr., og óskaði jafnframt, að sem fyrst yrðu gjörðar ráðstafanir til að gjöra sýsluveg um Norðurárdalinn í Skagafjarðarsýslu.

15. Lagður var fram reikningur yfir tekjur og gjöld Búnaðarsjóðs Eyjafjarðarsýslu fyrir 1892, var hann yfirfarinn og samþykktur, þar ekkert fannst við hann að athuga.

Ennfremur var lagt fram frumvarp til stofnunarskrár fyrir nefndan sjóð, sem leita skal staðfestingar konungs á, og fellst amtsráðið að öllu

leyti á það, (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 3.—6. júní 1891, Stjórnartíðindi 1891, B, bls. 122, og skýrslu um fund amtsráðsins 1.—3. júní 1892, Stjórnartíðindi 1892, B, bls. 166—167).

16. Í brjefi, 18. marz þ. á., hefir sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu farið þess á leit, að amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar, að greiða mætti allt að 300 kr. úr sýslusjóði á þessu sumri, sem þóknun til ullarmatsmanna. Amtsráðið áleit það athugasvert, að slík útgjöld yrðu greidd úr sýslusjóði og synjaði um samþykki sitt.
17. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar fyrir Skagafjarðarsýslu um fjallskil o. fl. með áorðnum breytingum, samkvæmt bendingum amtsráðsins. Amtsráðið ræddi frumvarpið aptur og staðfesti það til þess að öðlast gildi 1. jan. 1884.

Þá var lagt fram frumvarp til reglugjörðar um grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu og jafnframt erindi frá hreppsnefndarmönnum í Staðarhreppi, 6. þ. m., þar sem þess er farið á leit, að amtsráðið vildi nákvæmlega ihuga, áður en það staðfesti reglugjörðina, hvort eigi væri hallað rjetti Staðarhrepps með ákvörðunum hennar, og er hjer átt við 10. gr. reglugjörðarinnar, þar sem svo er ákveðið, að *allan* kostnað við refaeyðing, skuli greiða úr sveitarsjóði hlutaðeigandi hreppa, en af henni flyti, að eigandi Reynistaðar, sem á Staðarafrjett, og tekur lambatolla af þeim, sem hafa upprekstur í tjeð land, en aptur á móti greiðir sjálfur kostnað við hreinsun afrjettarinnar, yrði laus við þessa skyldu sína, sem þannig lenti á sveitarsjóði.

Með því að amtsráðið varð að álíta, að ákvæði laganna 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, að því leyti, er snertir kostnað við eyðing refa, ætti, eins og lögín eru til orðin, að eins við þann kostnað, sem að undanförmu hefur verið jafnað niður á fjáreigendur, en ekki við þann kostnað, sem afrjettareigandi, er lambatolla tekur, ver til hreinsunar afrjettarinnar, sá amtsráðið sjer eigi fært að staðfesta reglugjörðina, en vildi skora á sýslunefndina að taka aptur til umræðu reglugjörðina, að því leyti, sem snertir ádurgreint atriði.

18. Forseti lagði þar næst fram frumvarp til reglugjörðar um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu, með áorðnum breytingum, samkvæmt bendingum amtsráðsins, enda hafði nú frumvarpið, sem einnig á að gilda fyrir Kelduneshreppi í Norðurþingeyjarsýslu, verið lagt fyrir sýslunefndina þar, sem hafði samþykkt það að þessu leyti. Þótt amtsráðið yrði að álíta fyrirsögnina óheppilega, en hún hefði átt að hljóða á þessa leið: «Reglugjörð um fjallskil í Suðurþingeyjarsýslu, og Kelduneshrepp í Norðurþingeyjarsýslu», og sum ákvæði frumvarpsins eigi svo fullkomin, sem vera skyldi, svo sem eigi ákveðið, til hvers sjóðs sektir skuli falla, ályktaði það samt að staðfesta frumvarpið, til þess að það öðlist gildi 1. jan. 1894.

Þá var lagt fram í annað sinn frumvarp til reglugjörðar um refaveiðar í vesturhluta Þingeyjarsýslu (það er að segja í Suður-Þingeyjarsýslu og í

70

Kelduneshreppi í Norður-Pingeyjarsýslu). Amtsráðið ræddi þetta frumvarp og staðfesti það til þess að öðlast gildi 1. jan. 1894, þótt því findist ákvæði 16. gr., um kostnað við eitrun refa, nokkuð óljós, þar sem þau gætu skilizt svo, að þessum kostnaði skyldi jafnað niður á fjáreigendur, en eftir lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, skyldi kostnaður við eyðing refa, greiðast úr sveitarsjóði. Á hinn bóginn er það samt meiningin, sbr. 18. gr., að fjártalan sje einungis höfð til þess að finna, hve mikið hver hreppur skuli greiða. — Það hefði átt betur við að kveða á um það í reglugjörðinni, hvert sektir skyldu renna, og hvernig fara skyldi með mál út af brotum gegn reglugjörðinni.

19. Amtsráðið tók aptur til umræðu erindi Páls Ólafssonar á Akri og Guðmundar Guðmundssonar á Torfalæk 24. maí 1892, þar sem þeir áfrýja til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu frá fundi hennar 14.—19. marz s. á., sem skyldar kærendurnar til að greiða 15 aura af hverri dilká, sem þeir höfðu rekið til afrjettar 1891 með dilk, en eigi gjört gangnaskil fyrir um haustið, en nú var komið álit sýslunefndarinnar, sem amtsráðið hafði æskt eftir á fundi sínum 1.—3. júní f. á.

Að vísu verður þetta tilfelli heimfært undir 7. og 10. gr. fjallskilareglugjörðar Húnavatnssýslu, 14. febr. 1877, en þar sem þessi reglugjörð, sem er numin úr gildi, með hinni löggiltu reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu, 2. júní f. á., um fjallskil og meðferð á óskilafje, aldrei var löggilt, svo hið álagða gjald yrði eigi tekið lögtaki, samkvæmt 1. gr., 3. laga, 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, heldur yrði að innheimtast með lögsókn, og þar sem sú aðalregla virðist hafa viðgengizt í mörg undanfarin ár í Torfalækjarhreppi, að álagning gangnanna hafi eingöngu verið miðuð við tölu lamba og geldfjár, og þeirri reglu hafði einmitt verið fylgt haustið 1891, enda höfðu kærendur innt þar gangnaskil af hendi um haustið, sem þeim höfðu verið gjörð, þá vildi amtsráðið, að þetta mál fjelli niður, og felldi úr gildi áðurnefndan úrskurð sýslunefndarinnar.

20. Amtsráðið tók sömuleiðis aptur til umræðu erindi hreppsnefndarinnar í Torfalækjarhreppi, 24. maí f. á., þar sem hún áfrýjar til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu á fundi hennar 14.—19. marz s. á, þar sem ákveðið er, að allur kostnaður við eyðing refa og grenjaleit í svonefndum Sauðadal skuli greiðast úr sveitarsjóði Torfalækjarhrepps, þótt helmingur dalsins tilheyri bóndanum í Hvammi í Sveinsstaðahreppi, og að kostnaðurinn við eyðing refa í svonefndum Dalkvíslum, sem sje eign Svínavatns-, Torfalækjar-, Áss- og Sveinsstaðahreppa, skuli greiðast af nefndum sveitarfjelögum að rjettri tiltölu við eign hvers hreppsins í landinu. Jafnframt var lagt fram brjef frá 3 sýslunefndarmönnum 27. apríl þ. á., viðvikjandi þessu máli.

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramtinu 14.—16. júní 1893. (Framh.).

Amtsráðið varð að vera sýslunefndinni samdóma um, að úr því Sauðadalur, sem allur hafði verið heimaland á sínum tíma, frá jörðunum Stóru-Giljá og Beinakeldu í Torfalækjarhreppi, áður en helmingurinn af honum var seldur eiganda Hnausa í Sveinstaðahreppi, eptir sem áður sje innan takmarka Torfalækjarhrepps, þá verður áðurnefndur kostnaður að greiðast úr sveitarsjóði þar. — Að því leyti, er snertir Dalkvíslar, sem áður tilheyrðu Forsæludal og Þórormstungu í Áshreppi, þá verður amtsráðið að vera á því, að Dalkvíslaland væri að skoda sem upprekstrarlandi eða afrjett, og með því að það væri venja í Húnavatnssýslu, að eigendur eða umráðamenn afrjetta, hvort heldur sveitarfjelög eða einstakir menn, kostuðu grenjavinnslu og refaeyðing þar, þá væri það rjett, að þau 4 sveitarfjelög, sem nú ættu Dalkvíslar að tiltölu, greiddu kostnaðinn við refaeyðing þar.

Að öðru leyti áleit amtsráðið, að mál þessi heyrðu, eptir kringumstæðunum, undir úrslit dómstólanna, og væri hlutaðeigendum frjálst að leita til þeirra, án tillits til úrskurða og álita sýslunefndar og amtsráðs.

21. Að því leyti, er snertir hluttekning Norður-Þingeyjarsýslu í búnaðarskólahaldinu á Eiðum, skýrði forseti frá því, að amtsráðið í Austuramtinu hefði á fundi sínum 4.—6. júlí f. á. (sbr. Stjórnartíðindi 1892 B., bls. 184) fallizt að öllu leyti á tillögur Norður-Múlasýslu um þetta mál, sem sje, að Norður-Þingeyjarsýsla yrði tekin í samband við Múlasýslurnar um búnaðarskólahaldið á Eiðum, með þeim skilyrðum, að til skólans rynni sá hluti, sem Norður-Þingeyjarsýsla á í búnaðarskólasjóði, og hið árlega búnaðarskólalgjald, og að sýslan öðladist þar með rjett til að eiga tiltölulegan hluta í skólalæigninni, sem eptir ályktun amtsráðsins í Austuramtinu skyldi reiknast eptir tillögum sýslufjelaganna frá upphafi. Nú hafði sýslunefndin í Suður-Múlasýslu einnig gengið að þessum kostum, og vildi því amtsráðið nú enn leggja það til við landshöfðingja, að hann skipaði svo fyrir, að Norður-Þingeyjarsýsla skyldi taka þátt í búnaðarskólahaldinu á Eiðum, með þeim skilmálum, sem áður eru nefndir.
22. Erindi nokkru frá hreppsnefndinni í Þorkelshólshreppi 28. marz þ. á., þar sem er borið undir álit og úrskurð amtmanns, hvort sýslunefndin í Húnavatnssýslu og hreppsnefndirnar í Áss- og Sveinstaðahreppum hefðu eigi hallað rjetti Þorkelshólshrepps, hvað gangnaskil í Víðidalsfjalli snertir, hvort þessi hreppur væri skyldur til eða hefði verið skyldur til, eptir gildandi reglu, að leggja til 2 menn í göngur í Víðidalsfjalli á móti hinum 2 hreppunum, og hvort Þorkelshólshreppur væri skyldur til að greiða 18 kr. eptir úrskurði sýslunefndarinnar fyrir vantandi gangnaskil 1890 og 1891, vísaði amtsráðið til aðgjörða amtmanns að öllu leyti.
23. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar um hundahald og lækningar á hundum í Húnavatnssýslu, sem sýslunefndin þar hefir samið og óskað eptir, að amtsráðið staðfesti. Með því eigi er ákveðið í lögum 22. maí

30. dag septembermán. 1893.

70

1890, um hundaskatt og fleira, að amtsráðið þurfi að staðfesta þær reglugjörðir, sem gjört er ráð fyrir í 6. gr. laganna, vísaði ráðið þessu máli frá sjer, en vildi samt benda sýslunefndinni á, að 2. og 3. gr. reglugjörðarinnar væri þess innihalds, að það mundi alveg ómögulegt að framfylgja þeim, og að þær færu út fyrir það, sem ádurgreindar reglugjörðir skyldu miðaðar við. Enn fremur er það aðgætandi, að skipting sekta þeirra, sem nefndar eru í 12. gr. reglugjörðarinnar, er eigi í samræmi við 5. og 6. gr. laganna.

24. Amtsráðið ályktaði, að veita mætti kennara Páli Jónssyni á Akureyri 200 kr. styrk úr jafnaðarsjóði á komandi ári, til þess að ferðast til Danmerkur, til þess að kynna sjer kennsluáferð í barnaskólum þar, og annað það, sem að kennslu barna lyti.

25. Forseti skýrði frá, hverjir heyrnar- og málleysingjar væru nú á vegum amtsjafnaðarsjóds, og að von væri á fleirum, hvað mundi auka kostnað sjóðsins að mun.

Út af brjefi frá síra Ólafi Helgasyni á Stokkseyri, 21. apríl þ. á., um þau kjör, er hann vildi annast fyrir kennslu og undirhald heyrnar- og málleysingja, ályktaði amtsráðið, að það viði veita síra Ólafi Helgasyni 360 kr. *alls* fyrir hvern nemanda, þannig, að fyrir þessa upphæð kæmi kennsla, hýsing, fæði, þjónusta og fatnaður. Framlagið skyldi goldið með 90 kr. fyrir hvern árstjórdung eptir á.

26. Þarnaest var rædd og samþykkt svohljóðandi

ÁÆTLUN

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóds Norðuramtsins 1894.

Tekjur.

1. Áætlaðar eptirstöðvar frá 1893	kr. 600,00	
2. Jafnaðarsjóðsgjald	— 3600,00	4200,00

Gjöld:

1. Amtsráðið	kr. 500,00	
2. Sáttamál	— 20,00	
3. Heilbrigðismál	— 350,00	
4. Menntamál	— 1000,00	
5. Heyrnar- og málleysingjar	— 1700,00	
6. 7. afborgun upp í og leigur af láni til Skjálfa- andafjósbrúarinnar	— 118,52	
7. Kostnaður til fangahússins á Akureyri	— 50,00	
8. Óviss útgjöld	— 461,48	4200,00

27. Forseti lagði fram eptirfylgjandi skjöl og reikninga viðvíkjandi búnaðarskólunum á Hólum:

- Prentuð skólaskýrsla um búnaðarskólann á Hólum 1891—92.
- Endurrit af gjörðabók stjórnarnefndarinnar frá 11.—15. maí 1893.
- Samrit af reikningi yfir tekjur og gjöld skólasjóds 1892—1893.

- d. Úrskurður amtsráðsins á skólasjóðsreikningnum 1890—91, með áritun stjórnarnefndarinnar. **70**
- e. Úrskurður amtsráðsins á reikningi skólabúsins 1890—91, með áritun stjórnarnefndar um fullnustugjörð.
- f. Úrskurður amtsráðsins á reikningi Hólakirkju 1890—91, með áritun stjórnarnefndar um fullnustugjörð.
- g. Reikningur yfir tekjur og gjöld skólasjóðs 1891—1892, með fylgiskjölum, athugasemdum endurskoðanda, og svörum stjórnarnefndarinnar.
- h. Fjárhagsreikningur búnaðarskólans 1891—92 með athugasemdum og svörum.
- i. Reikningur skólabúsins 1891—92 með fylgiskjölum, athugasemdum endurskoðanda, svörum skólastjóra og úrskurðartillögum stjórnarnefndarinnar.
- k. Skrá yfir innstæður skólasjóðs 14. maí 1892.
- l. Skrá yfir innstæður skólabúsins 14. maí 1892.
- m. Reikningur yfir tekjur og gjöld Hólakirkju 1891—92, með fylgiskjölum, athugasemdum, svörum og úrskurðartillögum.
- Amtsráðið yfirfór þessi skjöl, og úrskurðaði athugasemdir endurskoðenda við reikningana g, h, i og m.
28. Forseti lagði fram brjef stjórnarnefndar Hólaskóla 10. þ. m. og brjef sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu, 20. marz þ. á., og í Eyjafjarðarsýslu 16. s. m., þar sem leitað er samþykkis amtsráðsins til þess, að sýslunefndir þessar ásamt sýslunefndunum í Húnavatnssýslu og Suður-Þingeyjarsýslu gengju í ábyrgð fyrir 8000 kr. láni, sem á vantar til byggingar skólahússins á Hólum. Af endurritum úr gjörðabókum sýslunefndanna í Húnavatnssýslu og Suður-Þingeyjarsýslu mátti sjá, að þær einnig höfðu undirgengið þessa ábyrgð, hin síðari þó með þeim fyrirvara, að skólahúsið, vátryggt, yrði veðsett til tryggingar allri skuldinni áður.
- Hvað fyrirvara sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu snertir, áleit amtsráðið, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að veðrjettur sje gefinn fyrir þessu 8000 kr. láni í húsinu, sem er þegar vátryggt. Til ætlazt er, að lánið fái úr landssjóði gegn 6 % í vexti og afborgun í 28 ár, eða að öðrum kosti úr landsbankanum í Reykjavík, með 15—20 ára afborgunarfresti.
- Amtsráðið fjellst á þessar gjörðir, samkvæmt því, sem það hafði ályktað á fundi sínum 1.—3. júní f. á.
29. Þá var lagt fram aptur erindi frá skólastjóra Hermanni Jónassyni á Hólum, 19. maí f. á., þar sem hann ber undir amtsráðið þann úrskurð stjórnarnefndarinnar á fundi hennar 9.—12. maí f. á., að námspiltar sjeu ekki skyldir til að gegna neinni útivinnu í upplestrartíma á vorin.
- Amtsráðið varð að vera stjórnarnefndinni samdóma um það, að 11. gr. skólareglugjörðarinnar yrði að skiljast á þá leið, að engin bein skylda hvíldi á námspiltum til útivinnu í upplestrartímanum á vorin.
30. Út af því, að skólastjóri Hermann Jónasson hafði sagt lausri skólastjóra-

70

sýslaninni á Hólum frá 14. maí 1894, voru lögð fram ávörp frá námspiltum þar, frá mörgum bændum í Hólahreppi og ýmsum málsmetandi mönnum í Skagafirði til amtsráðsins um, að hlutast til um, að Hermann Jónasson tæki aptur þessa lausasögn sína, og var sömuleiðis lagt fram brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dagsett 5. þ. m., og ágripsendurrit af gjörðabók sýslunefndarinnar, þar sem sýslunefndin fer þess á leit, að amtsráðið skori á skólastjóra, að hann hætti við það áform sitt, að yfirgefa skólann; getur sýslunefndin jafnframt, að skólastjóri hefði gefið von um, að verða við áskorun um, að verða framvegis við skólann, sem kæmi frá amtsráðinu, sem hefði yfirumsjón með skólanum fyrir allt umdæmið.

Með því að amtsráðið varð að álíta, að það gæti orðið til mikils skaða fyrir skólann, ef Hermann Jónasson yfirgæfi forstöðu hans, þá vildi það láta í ljósi þá ósk gagnvart skólastjóra, að hann sleppti þessu áformi sínu, og yrði framvegis við skólann, svo hann yrði aðnjótandi ágættra hæfileika hans og framtaksemi.

Amtsráðið fann enga ástæðu til að svara fyrirspurn einni, ódagsettri og undirskrifadri: »skólapiltar á Hólum«, um það, hvort skólastjórnin hefði rjettilega veitt 2. kennaraembættið við skólann manni, sem væri námspiltum alveg á móti skapi, en hafnað öðrum, sem skólastjóri hafði mælt með, og flestir námspiltar óskað eptir.

31. Hlutkesti um það, hverjir ganga skyldu úr amtsráðinu frá 1. jan. 1895, fram fór því næst, og áttu samkvæmt hlutkesti að fara frá amtsráðs- og varaamtsráðsmennirnir úr Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu.
32. Framlögð voru eptirnefnd eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfir farin:
 - a. Frá Húnavatnssýslu, fundargjörðir frá 20.—24. febr. þ. á.
 - b. Frá Skagafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 14.—18. febr., og 1. júní þ. á.
 - c. Frá Eyjafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 1.—4. marz þ. á.
 - d. Frá Suður-Þingeyjarsýslu, fundargjörðir frá 8. júlí 1892 og frá 10.—13. apríl þ. á.

Þar sem sýslunefndin í Þingeyjarsýslu hafði veitt samþykki sitt til, að hreppsnefndin í Hálshreppi kaupi handa hreppnum jörðina Kambsmýrar, með því skilyrði, að málið hljóti samþykki meiri hluta hreppsþúa, lýsti amtsráðið því yfir, að það þekkti eigi heimild fyrir því í lögum, að hreppsþúar hefðu slíkt vald í sveitarstjórnarmálum, en það er hreppsnefndin og sýslunefndin, sem meta, hvort rjett sje að gjöra slíkt kaup. Samþykki hreppsþúa hefir heldur enga þýðingu að því leyti, er snertir fjárframlag úr sveitarsjóði Skútustaðahrepps til lestrarfjelags Mývetninga, hjer ræður hreppsnefndin og sýslunefndin og amtsráðið ef til vill.

33. Framlagðir voru eptirfylgjandi sýslusjóðsreikningar fyrir 1892, sem forseti hafði yfirfarið til rannsóknar og úrskurðar amtsins:
 - a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga, og var hann því samþykktur.

- b. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann því samþykktur.
- c. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann því samþykktur.
- d. Við reikninginn úr Suður-Þingeyjarsýslu fann amtsráðið ekkert sjerlegt að athuga, en samþykkt þó ekki reikninginn, fyr en full skil væru gjörð fyrir tekjulið 2. og gjaldlið 4. (tóvinnuvjelalánið) og hreinar kvittanir komnar hingað fyrir gjaldlið 5. og 6. (endurborgun á Hljeskógaláninu og Skjálfafljótsbrúarláninu).
34. Framlagðir voru til úrskurðar og rannsóknar eptirnefndir sýsluvegasjóðs-reikningar fyrir 1892, sem forseti ráðsins hafði áður yfirfarið:
- a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga, nema það, að 2 fylgiskjöl vantaði, sem sýslumaðurinn lofar að senda sem fyrst; með því skilyrði að þetta yrði gjört, samþykkti amtsráðið reikninginn.
- Með reikningnum fylgdi ýtarleg og nákvæm lýsing á vegabótum á sýsluvegum, sem unnar höfðu verið í ýmsum hreppum sýslunnar, og byggir amtsráðið á því, að sýslumaður hafi annaðhvort skoðað sjálfur þær vegabætur, sem eigi hafi kostað mikið í hverjum hreppi, eða látið tilkvadda menn taka vegabótina út, enda sýnir gjaldliður 2. B., að svo hefur verið gjört. Ef um smáaðgjörðir á vegi er að ræða, sem eigi kosta meira en svo sem 25 kr., má það nægja að sýslumaður annaðhvort sjálfur skoði vegabótina, eða fái vottorð tveggja valinkunnra manna, sem eigi hafa tekið þátt í vegabótinni, um, að vegabótin væri vel af hendi leyst; en ef um yfirgrípsmeiri vegagjörðir eða vegabætur er að ræða, skal verkið tekið út, samkvæmt 24. gr. laga 10. nóvembr 1887, um vegi, og úttektin eða endurrit af henni fylgja reikningnum.
- Með því skuldin til landssjóðs er nú þegar endurborguð, gengur helmingur sýsluvegagjaldsins til aðgjörða á aðalpostvegum, og ber því sýslunefndinni að bera uppástungur sínar hjer að lútandi undir amtsráðið, eða forseta þess, svo þær síðar verði bornar upp fyrir landshöfðingja.
- b. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann því samþykktur.
- Enn fremur var framlagður og yfirskoðaður reikningur yfir hinn svo nefnda brúarsjóð Skagafjarðarsýslu fyrir árin 1890, 1891 og 1892, og var skuld hans við árslok 1892, 215 kr.
- c. Við reikninginn úr Eyjafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann því samþykktur. Úrskurði amtsráðsins á reikningnum fyrir 1891 var fullnægt.
- d. Við reikninginn úr Suður-Þingeyjarsýslu fannst það athuga, að 100 kr. hafði verið varið til sýsluvegar á Tjörnesi, frá Köldukvísl að sýslumótum, en með því að amtsráðið aldrei hefur samþykkt þennan sýsluveg, sbr. fundarskýrsluna að framan Nr. 11, eru þessi útgjöld eigi alls kost-

70

ar lögmæt. En amtsráðið vildi eptir krinumstæðunum leyfa, að við svo búíð mætti standa, þar sem nota mætti hina unnu vegabót til framhalds hreppavegi á hinu tiltekna svæði. Reikningurinn var þannig samþykktur.

Feiri mál komu eigi til umræðu og var því fundi slitið.

Akureyri 30. júní 1893.

J. Havsteen.

71

Skýrsla

um aðalfund amtsráðs Suðuramtsins 27.—29. júní 1893.

Árið 1893, 27. júnímán., var settur aðalfundur amtsráðs Suðuramtsins og haldinn á skrifstofu amtmannsins í Suðuramtinu. Á fundinum voru mættir: hinn setti amtmaður í suðuramtinu, yfirdómari Kristján Jónsson, amtsráðsmaður Austur-Skaptafellssýslu, hjeraðslæknir Þorgrímur Þórðarson, amtsráðsmaður Vestur-Skaptafellssýslu, sýslumaður Guðlaugur Guðmundsson, amtsráðsmaður Rangárvallasýslu, sýslumaður Páll Briem, amtsráðsmaður Árnessýslu, Valdimar prestur Briem, amtsráðsmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, Þórður hreppsstjóri Guðmundsson, amtsráðsmaður Borgarfjarðarsýslu, Guðmundur prófastur Helgason.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1892 með fylgiskjölum.
2. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins fyrir 1892 með fylgiskjölum.
3. Forseti lagði fram leiguliðasjóðsreikning Suðuramtsins fyrir 1892.
4. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld eldgosasjóðs Suðuramtsins fyrir 1892.

Endurskoðun jafnaðarsjóðs reikningsins var falin sýslumanni Páli Briem og Þórði hreppstjóra Guðmundssyni, leiguliðasjóðsreikningsins prófasti Guðmundi Helgasyni, og hinna reikninganna, sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni og Valdimar presti Briem.

5. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga:
 - a. Reikning fyrir Austur-Skaptafellssýslu fyrir 1892;
 - b. — — Vestur-Skaptafellssýslu fyrir s. á.;
 - c. — — Árnessýslu fyrir s. á.;
 - d. — — Vestmannaeyjasýslu fyrir s. á.;
 - e. — — Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir s. á.;
 - f. — — Borgarfjarðarsýslu fyrir s. á.

Endurskoðun reikninganna fyrir Vestmannaeyja- og Borgarfjarðarsýslur var falin sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni og hjeraðslækni Þorgrími Þórðarsyni, fyrir Árnessýslu og Skaptafellssýslurnar, sýslumanni Páli Briem